



Þórsnes SH 109

Mál nr.: 2024-064-S-028

Dagsetning: 11. nóvember 2024

Staðsetning: 93 sjómílur norður af Skagatá

Atvik: Veiðarfæri klemmir skipverja

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 6. nóvember 2024 var Þórsnes SH 109 að veiðum vestan við Kolbeinseyjahrygg, 93 sjómíllur norður af Skagatá. Veður var SV 10 m/sek og ölduhæð 2 m. Skipverji klemmdi hendi milli netateins og netarúllu með þeim afleiðingum að hann missti framan af tveimur fingrum vinstri handar. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti manninn og flutti á sjúkrahús.

1. Helstu staðreyndir

Skipaskrár. nr. 2936

Útgerð: Þórsnes ehf.

Smíðaður: Solstrand AS Noregi 1996

Stærð: 880 BT

Mesta lengd: 43,32 m

Breidd: 10,50 m

Vél: Caterpillar, 749 kW

Fjöldi skipverja: 16



2. Atvikalýsing

Þann 6. nóvember 2024 var Þórsnes SH 109 að grálúðuveiðum í net um 93 sjómílar norður af Skagatá, vestur af Kolbeinseyjahrygg. Veður var suð/vestan 10 m/sek og ölduhæð um 2 metrar. Skipverji var við rúllu þar sem netið kemur inn í skipið og var hans hlutverk meðal annars að koma í veg fyrir að netateinarnir kæmu með snúningi inn fyrir rúlluna og að koma í veg fyrir að fiskur kremdist milli rúllu og netateins. Einnig að koma í veg fyrir að fiskur dytti úr netinu þegar hann kæmi upp úr sjó. Þar sem skipið var að veiðum var 300-400 faðma dýpi. Netateinar á grálúðunetum eru einungis 16-18 mm sverir sem er grennra en á venjulegum þorskanetum.

Skipverjinn flækti vinstri höndina í netinu fyrir utan rúlluna. Netið kippti í og dró höndina með sér inn á rúlluna. Þar fór hún á milli netateinanna og hliðarrúllu með þeim afleiðingum að það skarst framan af tveimur fingrum. Náði hinn slasaði í rofa sem var undir netaborðinu og náði þannig að stöðva spilið.

Gert var að sárum hins slasaða og haft samband við lækni Landhelgisgæslunnar (LHG). Ákveðið var að Þórsnes sigldi áleiðis til næstu hafnar þar sem skipið var utan við flugþol þyrlunnar. Eftir um klukkutíma siglingu hafði LHG samband og tilkynnti að hinn slasaði yrði sóttur með þyrlu og þegar Þórsnes átti um 60 sjómílar ófarnar til Siglufjarðar kom þyrlan og flutti hinn slasaða á sjúkrahús.



Myndin sýnir netarúlluna um borð í Þórsnesi. Á henni er búið að taka netarúlluna inn fyrir og loka lúgunni á hlið skipsins þar sem netið er dregið inn. Netarúllan er á löm og þegar verið er að veiðum er henni velt út á borðstokkinn og liggur netið á miðjurúllunni. Litlu keflin til hliðar eru til stuðnings. Virðist sem maðurinn hafi flækt vinstri höndina í garni sem dró höndina undir netateininn og klemmdi hana milli teinsins og keflisins nær á myndinni.

3. Greining

Skipið var að veiðum á 300-400 faðma dýpi. Þegar veitt er á svo miklu dýpi er mikið átak á netatrossunum. Það ásamt því að netateinar á grálúðunetum eru einungis 16 - 18 mm sverir gerir það sérstaklega varasamt að handfjatla netið og netateinana fyrir utan rúlluna.

4. Niðurstöður

Ástæðu slyssins má rekja til þess að skipverjinn flækti vinstri hendi í neti þegar hann teygði hægri hendi út fyrir borðstokkinn án þess að taka eftir flaksandi neti.

5. Mikilvæg ábending

Engin vinnuöryggishandbók var um borð í skipinu eins og skal vera skv. reglugerð nr. 122/2004.

Lokaskýrsla samþykkt 28. janúar 2025 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Pálma Jónssyni og Jóni Finnbjörnssyni.

